Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Dr. juris Björn Þórðarson

## Dagbók 1942

Björn Þórðarson – Forsætisráðherra – Annálar – Minnisblöð – Dagbók 11. - 31. desember 1942

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Einkaskjalasafn nr. 470
Forsætisráðherra frá 16. desember 1942 til 21. október 1944
Askja 7

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

1942

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Annáll

## 1942.

<u>Des 11. Föstud.</u> Kl. 11. f.h. hringir rík-
isstjóri til mín á skrifstofu mína
í Arnarhvoli og minnir mig
á viðtal, sem við áttum í fyrra[1]
um, að ég tæki að mér myndun
ríkisstjórnar. Ég hafnaði ekki við
það. Biður hann mig að koma
til viðtals kl. 4 í Sóleyjargötu – hjá
Borghildi mágkonu hans – Sam-
talið varaði í 1½ tíma og
lýsir hann ástandinu í þinginu
og segist vera ráðinn í að binda
<u>endi á þetta stjórnleysisástand.</u>

[1] Hinn 12. nóv. 1941 bað ríkisstjóri mig
að koma á skrifstofu sína í þinghúsinu
sem ég gerði fyrir hádegi. Sagði hann að
stjórnarskifti væri fyrir höndum. Herm.
hafði sagt af sér. Hann fór þess á leit, að ég mynd-
aði stjórn af [illegible]. Ég bað um oft
umhugsunarfrest, en 14. hafði Herm. tekið það!

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hann segist engan hafa í huga, sem af utanþingsmönnum sé betur fallinn að verða forsætisráðherra en ég. Í fyrra sagði hann það sama og ætlaðist til að ég yrði þá utanríkisráðherra, en ég sagði honum þá, að ég væri ekki svo fær í að tala ensku, að ég vildi taka það að mér. Nú kvaðst hann hugsa sér að fá Vilhjálm Þór, sem þá yrði utanríkisráðherra og hefði þar með á hendi allt samningadraslið við Ameríkanana, og Björn Ólafsson, sem yrði aðallega fjármálaráðherra. Eftir mikið aðhald frá ríkisstjóra hlið gekk ég inn á að vera með í þessum leik. Taldi ég, að ég mundi ef til vill naga mig í handarbökin á eftir ef ég skoraðist alveg undan -

Minntist ekki á, að aðrir menn gætu komið til mála. Svo sem Sig. Egg. Einar Arn. Ól. Lár., en hann taldi sitt að hverjum þessara og mér fannst, að vera mætti að guð og lukkan kynni að vera með mér, og ennfremur að úr því að atvikin höguðu þessu nú þannig, að mér stæði þessi vegtylla, þó aðeins væri stuttan tíma, opin, þá ætti ég að gefa kost á þessu. Ég skoðaði þetta aðallega sem ævintýri, sem mér yrði síðar minnisstætt. Ríkisstjóri ætlaðist til að við yrðum aðeins 3 í ráðuneytinu, en mér þótti það áhættuspil, enda þekkti ég ekki mennina neitt, hafði aðeins séð þá í sjón. Aldrei talað við V. Þ. nema einu sinni í síma.

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en B. Ól. hafði eg skipt nokkrum
orðum við. Vissi eg sérstaklega af
orðspori, að V. Þ. er mikill fyrir
sér og B. Ól. er gáfaður maður,
sbr. greinar, sem hann hefur
skrifað í Vísir og ræður, sem
hann hefur haldið. Eg taldi báða
þessa menn hægri menn og
æfða kaupsýslumenn, sem myndu
standa saman gegn mér, ef á reyndi.
Eg vildi fá 2 menn í viðbót og
nefndi Einar Arnórss. og svo einhvern
sem stæði nærri Alþýðuflokknum.
Rstj. nefnir Eyjólf, sem eg féllst
á, og kvaðst Rstj. mundu tala
við V. Þór og B. Ól. í kvöld.

<u>Des. 12. Laugard.</u> Rstj. segir mér,
að V. Þ. og B. Ól. gangi inn á,
að ég sé í toppinum og
muni þeir koma til mín
um kvöldið og gera þeir
það kl. 6. Viðtalið stóð um
1 1/2 tíma. Segja þeir, sérstak-
lega V. Þ., að hann vilji heldur
3 í stjórn, og þar sem hraða
þurfi þessu mjög, geng ég inn á
að ganga í 3 manna stjórn þó
með því ákveðna skilyrði að bæta
við 1 eða 2 síðar. Við erum
sammála um aðalatriðið,
stöðvun verðbólgunnar. Er svo
ráðgert að fara að Bessastöðum
á morgun, sunnudag, til viðtals og
ráðagerða við Rstj.

<u>Desbr. 13. Sunnud.</u> Eftir að þeir
eru farnir og eg háttaður verð
eg um nóttina með sjálfum
mér sannfærður um, að eg eigi að
reyna að fá Einar Arnórsson til þess
að ganga í stjórnina. Fyrir hádegið

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fer ég til hans. Segi honum mála-
vexti og fæ vilyrði hans um
þetta, en hann vill þó tala við
konu sína áður. Hann kemur kl.
1½ og segir, að hann gangi í stjórn-
ina því að eins, að hann komi strax
með. Verður það samkomulag með
okkur, að ég geri það, að skilyrði
af minni hálfu. Kl. 2 leggjum
við af stað til Bessastaða í bíl
V. Þ. sem stýrir sjálfur, en ég sit
í framsæti hjá honum en B. Ól.
í aftursæti. Eftir að við erum
komnir nokkuð áleiðis segi ég þeim,
að ég vilji fá E. A. með í stjórnina
strax. V. Þ. tekur þessu strax þunglega,
telur, að ég hafi gengið inn á að við
værum að eins 3. Ég játa því, að
það hafi ég gert í því falli, að hraða
þyrfti málinu og ekki mætti tefja

að ná í þann 4. B. Ól. lagði fátt
til, en V. Þ. gerðist hugsandi og
sleit talinu, og vorum við síðan
allir hljóðir. Er komið var að
Bessastöðum, ræddumst við og
Rsh. allir við, og geri ég grein fyrir
afstöðu minni og skerst nú mjög
í odda en þó með kurteisi. V. Þ.
hafði mjög mikið animosetet
gegn E. A. Höfðu þ. e. Framsóknar
ásakanir og illyrði um E. A. auðsjáan-
lega fest rætur hjá honum. Rsh. og B. Ól.
reyna að finna margar miðlunarleiðir, en
ég hafna öllum. Lagði ég áherzlu á, að svo
ætti að heita, að ég væri forsætisráðherra, en
í fyrsta sinn, sem í það reyndi, að ég réði
einhverju ætti að koma í veg fyrir það. Ég
vildi ekki ganga í ráðuneyti, þar sem sýnt
væri frá upphafi, að ég væri í minni hluta.
Tókum þetta þóf 3-4 tíma, svo útlit var

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir að allt færi út um þúfur um þessa
stj.myndun. Ég hélt fast á mínu
máli og gaf þess engan kost að fara
einn með þeim tveimur. V.Þ. og B.Ól.
tala saman einir. Rstj. og V.Þ. og Rstj. og B.Ól.
Loks gefur V.Þ. eftir fyrir milli-
göngu B.Ól. og Rstj. Hinsvegar gef ég V.Þ.
þá yfirlýsingu, að ég skuli ábyrgjast
að E.A. sýni honum og ráðuneytinu
fulla einlægni en sjálfur sé ég ekki
neinn undirhyggjumaður. Var þar
þá að sammæli, að E.A. gengi strax inn
í ráðuneytið gegn því, að þeir V.Þ.
og B.Ól. hafi rétt til að velja 5. mann-
inn. Ég geng fúslega að þessu og
var svo haldið af stað heim og
ráðgerður fundur daginn eftir með
E.A. og Rstj.

Des. 14. Mánud. Fundur hjá V.Þór
og erum við þar allir 5. Ráðgert að

stjórnin tæki við daginn eftir kl. 10.
en ekki hafði 5. maðurinn fengist
en þeir voru sammála mér um,
að hann ætti að standa nær Alþfl.
Kom Kjartan Ólafsson til orða í þessu
sambandi. Nú upplýsti Rstj. að Sjálf-
stæðisfl. vilji umfram allt reyna
á nýja stjórnarmyndun og skildist
mér að helst mundi hafa í harka
milli Rstj. og 3 manna nefndar
Sjálfst.fl. (G.Sv., B.Ben. og Jóh. Jós.) og var
þeim og Þingfl. gefinn frestur til
kl. 10 næsta dag. — [~~[illegible]~~].

Des 15. Þriðjud. Sjálfstæðisnefndin
fékk einn frest til kl. 3 en þá

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

var sleginn alveg í botninum af Rstj. – Var fundur hjá V. Þ. kl. 4 og við allir 5. Var nú ráðið að fullu hvernig verkinu skyldi skipt. Hafði eg samið uppkast að ræðu til flutnings við viðtökuna. Ennfremur áttu þeir V. Þ og B. Ól að láta í té punkta. Var nú fastmælum bundið, að stjórnin tæki við næsta dag og skipun færi fram í ríkisráði kl. 11 f. h. Þá: Fors. sam. þings, Þorvaldur Guðmundsson, var beðinn að koma á fund til okkar hjá V. Þ., sem hann og gerði, og var talað við hann um fund og framgangsmáta. Um kvöldið tókum við G. H. saman stefnuskrár ræðuna eftir uppkasti mínu og punkt. um B. Ól. og V. Þ. og var þetta allt sniðið dálítið niður. og borið svo

undir V. Þ og B. Ól.

<u>Desbr. 16. Miðvikudagur.</u> Ríkisráð, <u>Kl. 11.</u> Þarsem voru gefin út skipunarbréf fyrir ráðherrana og úrskurður um skipting starfa. <u>Kl. 11$^{50}$</u> fórum við allir upp í stjórnarráð og heilsuðum á skrifstofustjórana í ráðuneyti hvers eins.

<u>Kl. 1.</u> Fundur í sam. Alþingi. Þar hélt eg stefnuskrár ræðu mína. Stillilega en skýrt. Var mikill múgur áheyrenda; einnig var þar Fontenay & Jóhansson. Engin ræðuhöld voru önnur en þessi ræða mín og var svo fundi slitið. Þingið tók stjórninni með þögn og ekki óvinsamlega. Margur kom og heilsaði mér af kunningjum. Mér var miklu niðri fyrir og átti bágt með

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að verjast vissum verðbeitum sem sakir að mér þeger eitthvað tekur meira en í meðallagi á tilfinningarnar. – Stefnuskrárræðan er andvaka í Alþt. – Ég sat síðan fundi N.d. og voru umræðurnar fólgnar einungis í flokkslegum hnútukostum og hnífilyrðum (Umr.efni: Milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum) Seinni hluta dags var stjórnin á fundi í stjórnarráði um framlagningu frv. um stöðvun verðbólgunnar.

Fimmtud. 17 og föstudagur 18.

Fundir í stjórnarráði um frv. og ráðagerðir um að fá að vita vilja flokkanna. Fundir með stjórn Alþ. samb. þ.17. 5–7 og með Sigurj. Á. Ól. og form. Kjötverðlagsnefndar Ingólfi á Hellu. (V. Þór hefur unnið Jón Árnason til fylgis) V. Þór beitti sér og við Mjólkurverðlagsnefnd. Ég A. tók að sér að tala saman frv. sem var brt. á 5. gr. l. um dómnefnd í verðlagsmálum. Ég talaði við Br. B. sósíalistaform. Á föstudagskvöld ásamt V. Þ. og B. Ól við Alþ. samb. stj. um að vinna gegn kröfum um kauphækkun til 28. febr., en fengum ekkert loforð heldur að eins skýrslu, sem sýndi, að samningar flestir renna ekki út á þessu tímabili – Frv. samið um verðstöðvun, handrit sýnt flokkunum og það prentað og verður lagt fram í ríkisráði á morgun og reynt að þrýsta því samdægurs

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gegnum þingið.

Laugard. 19. desbr.

Kl. 11. fr. borið upp í ríkis-
ráði. Lagt síðan fram á fundi
í n.d. og tekið til umræðu
þar 1½–3½. Vísað til nefndar.
Síðan fundur í n.d. 5-7 og
fr. samþ. og vísað til E.d.
Þar var það til umræðu frá
8½–11$^{20}$ Samþ. sem lög. Sagði
ég nokkur orð að lokum á
þá leið, að þingmenn mundu
njóta betur jólaleyfisins nú
eftir að hafa afgreitt málið
og óskaði þingmönnum gleði-
legra jóla og að þeir mættu
koma heilir til starfa eftir
nýjárið. Sá ég að B. Ben.
gretti sig mjög er ég
mælti þessi orð mín. Síðan
var haldinn ríkisráðsfundur
kl. 11$^{40}$ um kvöldið og fr.
staðfest af ríkisstjóra.
Verður það prentað í Lögbirt.
í nótt og í dagbl. á morgun.

Des. 20 Sunnudagur Lögin
lesin ásamt augl. frá stjórn-
inni í Útvarpi í dag og í
kvöld. – Stöðugir fundir
í stjórn með ráðherrum og
Dómnefnd í verðlagsmálum
var kvödd á fund kl. 2-3½.
Skúli Skúlason bl. maður
bað mig um viðtal og
lofaði ég honum því á ákveðn-
um tíma, en hann kom
ekki.

—

Ég hef ekki skrifað sér-
staklega það sem við bar dagana
til nýjárs. En mikið höfðum

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við að gera að búa undir
fr.-um verðlag, viðskiftaráð,
hugsa um að fá fjelagsmála-
ráðherra eins og lofað var
í stefnuskrárræðunni og
undirbúa nýjársræðu.
Varð Jóh. Sæmundsson fyrir
valinu.[1] Ég var í nokkrum
vanda með ræðu mína og
ætlaði helst að koma mér
hjá því og láta E.A. tala einan,
vegna ræðu minnar 1. desbr.
Við nánari athugun sá
~~ég~~ að það mundi hnekkja
virðingu minni sem for-
sætisráðherra að þegja þar
sem það er siður þeirra
að tala og varð það að ráði
að ég talaði í útvarp í 10 mín-
útur en E.A. 20 mín. en aðrir

1) 22. desbr. '42.

ráðherrar upp úr nýjári.
Við höfum ekkert blað til
þess að flytja mál okkar. Þá
var ég í beyglum með að
taka á móti heimsóknum
þar sem ég var ekki í for-
sætisráðherrabústað og vildi
helst vera burt úr bænum
um nýjárið. Sagði ég ríkis-
stj. það, en hann sagði, að
ekki dygði að fela sig. Tók
ég þá mig til og auglýsti
í útvarpi og blöðunum, að
forsætisráðherra tæki á móti
þeim 1. nýjársdag í em-
bættisskrifstofu sinni
kl. $2^{00}$-4, sem vildu bera
fram nýjársóskir sínar
við hann. – Var þess dags
ekkert af sér dregið af neinum.

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Útvarpsræða mín á gamlárskvöld 1942.

Góðir áheyrendur!

Í fornsögum vorum segir frá því, að sumir menn hafi verið spakir að viti eða forvitri. Þeir voru ekki margir en þó nokkrir. Oss nútímamönnum er gjarnt að skilja þetta svo, að þessir menn hafi verið gæddir ríkari athyglisgáfu en aðrir menn almennt, og kunnað betur að sjá fyrir afleiðingar af vissum atburðum og athöfnum. En vera má, að hér komi einnig annað til greina, það, að þeir hafi verið gæddir óvenjulegri hugsæisgáfu, skygnjum fram í tímann eftir leiðum, sem þeim einum voru færar.

Hinn fyrsta dag þessa mánaðar, þegar ég talaði hér fyrir framan hljóðnemann, var mér það með öllu hulið, að 15 dögum síðar ætti ég að takast þann vanda á hendur að gerast formaður ríkisstjórnar þessa lands og ávarpa yður í þessari stöðu síðasta dag mánaðarins, síðasta dag ársins.

Ég er ekki forvitri. Sú gáfa, ef orðið þýðir spádómsgáfa, mun vera gefin aðeins fáum útvöldum og vera

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þess eðlis, að hún getur vart
þrifizt við þau skilyrði, sem
flestir af oss búa við og nú
vilja. Vér verðum, hvert og eitt
að notast við þá gáfu, sem oss
er gefin, og leitast við að nota
hana til þess að semja oss að
þeim tíma, sem vér lifum
á. Reynzla vor og þekking
nær skammt, en ef viljinn
er nægur, og vér tökum í
þjónustu vora þau hjálpar-
gögn, sem tiltækileg eru, þá
kann oss að auðnast að skilja
ekki aðeins aðstöðuna á líð-
andi stund, heldur og fá
skyggnzt eftir líkum fyrir
því, hvað að höndum getur
borið í nánustu framtíð.
Frá upphafi vega höfum
vér aldrei þurft, á einum
og sama tíma, að snúast
við jafnmörgum, miklum
og óvæntum viðhorfum
og skapazt hafa síðustu
ár.

Einangrun lands vors
er úr sögunni. Flugtæknin
orkar því, að nú er aðeins
dagleið héðan til Vestur-
heims og fara má á
eyktarstund til mikilvægustu
staða í Evrópu. Í einni
svipan var land vort
gert að einu höfuðvígi
í styrjaldarátökunum,
og í landinu dvelur nú
sú mergð annara þjóða
manna, að vér fáum þar
engri tölu á komið.

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Inn í landið hefir borizt meira fjármagn en oss hefir nokkurn tíma dreymt um.

Þegar nú sú ólga og truflun í þjóðlífinu, sem þessar stað-reyndir hafa haft í för með sér, blönduðust á því ári, sem nú er að enda, saman við gömul landslög og viðkvæm innanlandsmál, þá verður það skiljanlegt, að fulltrúa þjóðarinnar gat greint á um það, hvernig taka beri á þeim viðfangsefnum, er fyrir liggja. Afleiðing þessa ágreinings varð sú, að núverandi ríkisstjórn var skipuð. Stjórnin var skipuð með öðrum hætti

en hin almenna þing-ræðisvenja gerir ráð fyrir. Hér var án byltingar og að lögum myndað fordæmi, sem í sjálfu sér getur orðið lærdóms-ríkt og affarasælt fyrir þjóðsamlegt og stjórnskipu-legt líf þjóðarinnar. Fordæmið er fengið, og það verður annaðhvort til varnaðar eða eftirbreytni í framtíðinni, þegar líkt atvik kunna að verða fyrir hendi. Þjóðfélag vort er fámennasta menningarríkið, sem vér þekkjum. Það er því ekki fyrir það að synja, að oss hefi í stjórn-

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

arfaslegu tilliti að fara stundum vorar eigin leiðir í staðinn fyrir að fylgja afdráttarlaust fyrirmyndum frá öðrum.

Þessi stjórn hefir tekizt á hendur skyldur, – þungar skyldur. Hún hefur lofað því að reyna að vinna bug á dýrtíðinni og að þrýsta niður verðbólgunni. Ennfremur að vinna að því, að atvinnuvegunum verði komið á svo heilbrigðan grundvöll, að framleiðsla vara til sölu erlendis geti haldið áfram samkvæmt því, sem samningar við viðskiftaþjóðir vorar gera

ráð fyrir, og stjórnin vill finna ráð til, að skipakostur landsmanna komi þeim að sem beztum notum.

Enga meinsemd er unnt að lækna án þess að þekkja orsakir hennar greinilega. Stjórnin mun því gera sér allt far um að kynna sér þessar orsakir eftir föngum og leggja síðan fram tillögur sínar til úrbóta.

Þessar tillögur mun stjórnin reyna að miða við almenningshag og án þess að fara í manngreinarálit. Þeir, sem hafa fengið mikið undanfarin

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ár, mega vera við því búnir, að hagnaður þeirra rýrni, og að þeir verði að bera nokkrar byrðar. En þeir eiga heimtingu á, að þær byrðar, sem á þá kunna að verða lagðar, verði notaðar til viðréttingar heilbrigðara fjárhagslífi.

Stjórnin lítur svo á, að hún hafi, að svo stöddu, engan rétt til að krefjast af almenningi, engri stétt, neinna fórna, enda þurfi þess ekki. Því að það er ekki fórn heldur aðeins framsýni að verja nokkru af afla sínum til þess að styrkja grundvöllinn undir framtíðarhag.

Þegar stjórnin hefir afráðið hverjar leiðir hún telur tiltækilegar og stefna í áttina til úrlausnar þeim málum, sem ég nefndi, leggur hún tillögur sínar fyrir fulltrúa þjóðarinnar, Alþingi. Samstarf stjórnarinnar við Alþingi hófst fyrir jólin á ánægjusamlegan hátt fyrir stjórnina. Hversu lengi þingið vill halda samstarfinu áfram og uppa því, það leiðir tíminn í ljós.

Þótt örlögin hafi búið oss betri kjör í

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

yfirstandandi styrjöld en ef til vill nokkurri annari þjóð, þá höfum vér þó af hennar völdum orðið á bak að sjá mörgum vöskum dreng, sem hætti lífi sínu og missti það á meðan vér, sem í landi erum, höfum ekkert lagt í sölurnar. Skyldan við minning þeirra og vandamenn þá, sem þeir hafa eftir sig látið, á að vera oss brýning um, að vér öll ræktum hlutverk vort með trúmensku.

Vér verðum að sýna það í verki, að vér metum þjóðarhag meira en stundarhag einstakl-

ingsins, og marka honum því hæfilegan bás. Ef fólkið, sem land þetta byggir, skiptir sér í mannhópa með ósamrýmanleg sérsjónarmið, sem hindrar það, að samstarf megi takast um mál, sem allir sjá, að alþjóðarheill er undir komin, þá missum vér samúð vina vorra, sem svo mikið veltur á að halda. Það kastar rýrð á kynstofn vorn, sem vér verðum að trúa á, að eigi enn eftir að inna hlutverk af hendi, og geti skipað rúm sitt með sóma, hvar sem

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann sezt á bekk með
öðrum þjóðum. Vér verð-
um að beita vitsmun-
um vorum og siðferðis-
þreki á þann veg, að
engínn freistist til þess
að gera sér dælt við
þjóðmenningu vora. Fá-
mennið leggur á oss
þyngri skyldur í þessu
efni en nokkra aðra
þjóð.

Stjórnin getur ekki
lofað yður því að leysa
af hendi nein afrek, en
hún heitir því, að vinna
eftir beztu getu.

Samstarfsmenn mínir,
sem fara með atvinnumál.
fjárhags- og viðskiptamál
og félagsmál, hafa í
hyggju, hver á sínu
sviði, að skýra yður
frá eftir áramótin, hvern-
ig þessi mál horfa
við eins og sakir standa.

Að lokum leyfi ég
mér að láta þá von í
ljós, að í þeim Surtar-
loga, sem nú æðir
yfir heiminum, megi
baráttan fyrir þjóð-
frelsi og mannrétt-
indum verða sigur-
sæl, og óska ég öllum
landslýð árs og frið-
ar á komandi ári.

Björn Þórðarson

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn dr. Jóns Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur